

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 270/2014

2015/EES/71/17

frá 12. desember 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 878/2014 frá 12. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin díklórpróp-P, metkónasól og tríklópýr ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2014 frá 12. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV) ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0878**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 878/2014 frá 12. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 18),

– **32014 R 0880**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2014 frá 12. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 878/2014 og (ESB) nr. 880/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-sammingsins hafi borist ^(*), eða gildistökuþingdag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2014 frá 30. september 2014 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 240, 13.8.2014, bls. 22.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 30.7.2015, bls. 57.